

Mál nr. 230/2019

M og
Vvegna ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á bifreið.

Gögn.

Málskot dags. 05.07.2019.

Bréf V dags. 16.7.2019 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

Samkvæmt atvikalýsingu í málskoti var átján ára sonur M á hlaupum þegar hann féll við og á kyrrstæða bifreið í eigu þriðja aðila, með þeim afleiðingum að hnappar á jakka sem hann var í rispuðu farþegahurð bifreiðarinnar. M telur að umrætt tjón, sem átti sér stað hinn 10. apríl 2019, sé bótaskyldt úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar þeirrar sem hann var með í gildi hjá V á tjónsdegi, þar sem um gáleysi sonar hans hafi verið að ræða þegar hann hljóp að bifreiðinni með þessum afleiðingum.

Í bréfi sínu til nefndarinnar hafnar V bótaskyldu á þeim forsendum að um óhappatilvik hafi verið að ræða. Þannig taki ábyrgðarliður váttryggingarinnar til þess þegar váttryggðir baki sér skaðabótaskyldu að lögum. Það geti hins vegar ekki talist fela í sér saknæma háttsemi að hlaupa eftir gangstétt, og það að viðkomandi féll við, og olli við það tjóni á bifreiðinni, verði að skoðast sem óhappatilvik, sem leiði ekki til skaðabótaábyrgðar.

Álit:

Váttryggingin sem hér um ræðir tekur til sonar M, sem eins hinna váttryggðu. Í skilmálum er varða ábyrgðarlið umræddrar váttryggingar er tekið fram að félagið váttryggi gegn þeirri skaðabótaskyldu sem fellur á váttryggðan sem einstakling samkvæmt íslenskum lögum, enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum og ekki viðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga. Svo að skaðabótaskylda stofnist þarf að koma til saknæm háttsemi af hálfu tjónvalds, þ.e. í þessu tilviki gáleysi. Kemur þá til skoðunar hvort hann hafi sýnt af sér saknæma háttsemi umrætt sinn þannig að leiði til þess að bótaskylda stofnist úr ábyrgðarlið umræddrar váttryggingar. Af atvikalýsingu verður ekki ráðið annað en að um hreint óhapp hafi verið að ræða, en ekki verður séð að tjónvaldur, sonur M, hafi hagað ferð sinni með gáleysislegum eða óforsvaranlegum hætti umrætt sinn. Það eitt að hlaupa á gangstétt nálægt kyrrstæðum bifreiðum getur þannig ekki talist fela í sér saknæma háttsemi. Verður því að líta svo á, miðað við lýsingu á tjónsatvikinu sjálfu, sem hér hafi verið um óhapp að ræða.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar M hjá V er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 20. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.